

Alþingi
Erindi nr. P 127/432
komudagur 10.12.2001

Berist til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis

Þar sem formaður Tóbaksvarnanefndar situr nú fundi WHO í Póllandi ráðfærði ég mig við gamlan ref og lögfræðing sem átti lengi sæti í nefndinni, Þorvarð Örnólfsson. Við vorum sammála um það að það eina sem skipti Tóbaksvarnanefnd máli hvað varðar að fella niður tolla af tóbaki og hækka tóbaksgjaldið -- væri að verð á tóbaki lækkaði ekki. Best væri ef það gæti hækkað því það er löngu ljóst (með rannsóknum og könnunum) að áhrifaríkast, til að draga úr reykingum, sé að hækka verð á tóbaki. Og krakkar byrja síður að fikta ef sígarettur eru dýrar.

Næsti fundur Tóbaksvarnanefndar verður næstkomandi mánudag, þann 17. des. Óski efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir formlegu svari eða afstöðu Tóbaksvarnanefndar eftir þann fund er sjálfsagt að verða við því.

Kveðja

Þorgrímur Þráinsson
framkvæmdastjóri
Tóbaksvarnanefndar